

7. fundur 5. október 2015.

Mánudaginn 5. október 2015 kom stjórn og varastjórn saman til fundar í fundarsal félaganna á 3. hæð suður í Alþýðuhúsinu og hófst hann kl 18,30.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. FVSA 85 ára 2. nóvember 2015.

Samþykkt að hafa opið hús og bjóða upp á kaffi og tertu kl 14-17.

2. Íbúðakaup í Reykjavík

Samþykkt að athuga með kaup á íbúð 309 í Máratúni 13.

3. Hljóðdeyfileausnir.

Samþykkt að fá tilboð í hljóðdeyfileausnir í eina af íbúðunum í Máratúni 3 hjá Áltaki ehf. og sjá hvernig það reynist.

4. Samþykkt að hafa kveðjuhóð fyrir Úlfhildi fyrrverandi formann 23. október n.k.

5. Önnur mál.

Formannafundur ASÍ 2015 haldinn 28.10.2015. Samþykkt að formaður og varaformaður sæki fundinn.

Þing AN. Formaður gerði grein fyrir þingi AN sem haldið var á Illugastöðum sl. helgi. 13 fulltrúar sóttu þingið frá FVSA.

Rætt um breytingar á eldhúsi skrifstofunnar en hugmyndir hafa verið ræddar þar að lútandi af meðeigendum á hæðinni. Eldhúsið hélst óbreytt þegar breytingar voru gerðar á hæðinni fyrir 4 árum.

Formaður sagði frá starfsmannaviðtölum sem fóru fram á skrifstofunni í sl. viku. Samþykkt var að halda starfsdag starfsfólksins einu sinni á ári að vori til.

Halldór Óli sagði frá rútufyrirtækinu Grayline sem ætlar að fara að bjóða upp á rútuferðir frá Akureyri til Keflavíkurflugvallar og tengist flugtímum. Fylgst verður með framvindu mála.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Anna María Elíasdóttir, Anna Kristín Árnadóttir, Guðlaug M. Óskarsdóttir, Agnes Reykdal, Sigríður Stefanía Stefánsdóttir, Halldór Óli Kjartansson, Jón G. Rögnvaldsson, Einar Hjartarson, Eiður Stefánsson, Eydís Bjarnadóttir. Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.